

Aðalfundur Samtaka atvinnulífsins 7. maí 2002

Ræða Finns Geirssonar, formanns SA

Forsætisráðherra, góðir fundarmenn.

Síðustu tvö árin hafa verið Íslendingum um margt erfið. Eftir óvenju langt stöðugleikatímabil lengst af á síðasta áratugi með batnandi líf skjörum, fór þjóðarþúskaðurinn að ofhitna. Lántökur fóru langt fram úr því sem samræmdist jafnvægi, verulegur halli myndaðist á viðskiptum við útlönd og launaskrið og verðbólga fylgdu í kjölfarið. Seðlabankinn hélt uppi háu vaxtastigi til mótvægis, sem einkum smærri fyrirtæki og heimili hafa liðið fyrir, og viðbrögð hagkerfisins voru gengislækkun krónunnar. Á einu og hálfu ári lækkaði gengið um vel á fjórða tug prósentu sem setti stórt strík í rekstrarreikninga fyrirtækja og breytti forsendum þeirra til framtíðaruppbyggingar. Við þessar kringumstæður skapaðist veruleg hættu á að kjarasamningar færu í uppnám og að launþegasamtök krefðust leiðréttinga til að viðhalda kaupmætti byggðum á fölskum forsendum.

Samkomulag SA og ASÍ

Samkomulag SA og ASÍ með þátttöku ríkisstjórnar frá því í desember sl. um að fresta skoðun á forsendum samninganna og setja rautt strík í maí, var tilraun til að snúa við þróun sem einkenndist af stöðugt veikari krónu. Það var mat manna þá að svo mikil gengislækkun sem raun bar vitni ætti ekki síst rætur að rekja til þeirrar óvissu sem ríkti um framhald kjarasamninga. Samkvæmt þeim átti að meta stöðuna í febrúar í ljósi verðbólguþróunarinnar og þegar var ljóst að verðbólguþéttum samninganna myndu ekki standast. Það var því til mikils að vinna að freista þess að eyða óvissu og gera samkomulag sem gæti styrkt gengi krónunnar og skapað með því grundvöll fyrir stöðvun verðlagshækkana. Við, sem stóðum að samkomulaginu, settum að okkar mati raunhæft markmið um hækkun verðlags fram í maí.

Viðsemjendur okkar, forystumenn Alþýðusambands Íslands, hafa unnið ötullega að því að sannfæra þá sem ráða verðlaginu um mikilvægi þess að halda aftur af verðhækkunum og staðið að því með ábyrgum og í alla staði lofsverðum hætti. Fyrirtæki, þar með talin ýmis opinber fyrirtæki, hafa fyrir sitt leyti áttað sig á mikilvægi þess að við næðum settu marki, dregið til baka áformaðar verðhækkningar og jafnvel lækkað verð í trausti þess að gengi krónunnar styrktist. Þá sýna hagskýrslur okkur svo ekki verður um villst, að mörg fyrirtæki drógu það í lengstu lög að hækka verð á síðasta ári í samræmi við hækkun á tilkostnaði og lögðu þar með sitt af mörkum til að launasamningar gætu staðist.

Flest bendir nú til þess, að með samstilltu átaki aðila vinnumarkaðarins í samvinnu við ríkisstjórn, hafi okkur tekist að afstýra því að við festumst í kunnuglegu ferli víxlhækkana verðlags og launa sem hefði skert samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja og líf skjör landsmanna. En það verður að segjast eins og er, að þeim tíma og þeirri orku sem atvinnurekendur, launafólk og stjórnvöld hafa lagt í að slökkva þennan eld hefði auðvitað verið miklu betur varið í að viðhalda og efla hér þróttmikið atvinnulíf á traustum grunni

Í þessu sambandi er rétt að leggja ríka áherslu á, að hér er um mjög sérstakt átak að ræða í tiltekinn tíma. Þetta átak helgaðist fyrst og fremst af sameiginlegum skilningi á nauðsyn þess að draga úr vantrú á krónuna, hafa áhrif á væntingar fólks og snúa þeim við. Á tímum óðaverðbólgunnar á áttunda áratugnum og í upphafi þess níunda voru laun allra landsmanna verðtryggð með sjálfvirkum hætti. Þegar verðbólgan varð viðráðanlegri, á síðari hluta níunda áratugarins, hófst tímabil hinna rauðu strika í kjarasamningum. Ef neysluverðsvísitalan fór yfir umsamin mörk þá leiddi mismunurinn til viðbótarkauphækkunar. Mörkin voru yfirleitt mjög metnaðarfull og náðust ekki, sem aftur leiddi af sér meiri kauphækkanir en um hafði samist, eða með svipuðum hætti og ef um verðtryggingu hefði verið að ræða. Engum vafa er undirorpið að bæði þessi kerfi áttu verulegan þátt í því að viðhalda mikilli verðbólgu hér á landi og af þessari reynslu hljótum við að draga lærdóm.

Varðveitum sveigjanleikann

Íslendingar eru vissulega vanir því að glíma við sveiflur í efnahag sínum. Það hefur ekki síst helgast af því að hér hafa aflabrögð og fiskverð á erlendum mörkuðum sveiflast töluvert og haft afgerandi áhrif á efnahagsstarfssemina almennt. Í þessari glímu hefur þó náðst töluverður árangur á undanförunum árum. Sjávarútvegsfyrirtæki hafa verið að stækka og eru ekki eins háð einni afurð í sama mæli og áður og öflug markaðsstarfsemi hefur skilað þeim árangri að markaðir eru fjölbreyttari en áður. Síðan höfum við jafnt og þétt verið að skjóta fleiri stoðum undir efnahagsstarfssemina og þrátt fyrir niðursveiflur hefur okkur tekist furðu vel að forðast atvinnuleysi. Þá hefur þátttaka okkar í sameiginlegum vinnumarkaði í Evrópu auðveldað mjög aðlögun hvort sem er í uppsveiflu eða niðursveiflu. Við höfum m.ö.o. þrátt fyrir allt náð að laga okkur þryðilega að breytingum á ytri aðstæðum.

Því hefur gjarnan verið haldið fram að ástæðan fyrir því að atvinnuleysi hafi ekki aukist að ráði þegar á móti blés í efnahagslífinu sé sú, að verðbólga í kjölfar gengisfellingar hafi lækkað kaupmátt og þar með launakostnað fyrirtækja. Sveigjanlegt gengi krónunnar hefur þannig verið talið lykilatriði í því að viðhalda hér tiltölulega háu atvinnustigi þegar illa áraði. Í athyglisverðri nýútkominni skýrslu, sem hagfræðingarnir Ásgeir Jónsson og Sigurður Jóhannesson tóku saman að beiðni Samtaka atvinnulífsins, er sýnt fram á að svo þurfi ekki að vera. Þeir halda því fram að launakerfið hér á landi sé með þeim hætti, að það gefi fyrirtækjum svigrúm til að mæta samdrætti án uppsagna starfsfólks, þ.e. með lækkun greiddra launa þó að kauptaxtar haldist óbreyttir. Lykilatriðið í þessum sveigjanleika er það að hluti heildarlauna ákvarðast af óformlegum samningum á hverjum vinnustað og sá hluti getur breyst í takt við það hvernig árar.

Sveigjanleiki, jafnt í launakerfi og almennt á íslenskum vinnumarkaði, t.d. að því er varðar reglur um uppsagnir, er meiri hér en gengur og gerist í viðskiptalöndum okkar í Evrópu. Þar eru menn yfirleitt sammála um að skortur á sveigjanleika vinnumarkaðar standi framþróun fyrir þrifum og sé m.a. ein helsta skýring á langvarandi atvinnuleysi í mörgum landanna. Enda er það nú eitt helsta baráttumál evrópsku atvinnurekendasamtakanna, UNICE, að liðkað verði til í þessum efnahag og sveigjanleiki á vinnumarkaði aukinn. Það er því afar mikilvægt, að við varðveitum þennan sveigjanleika, sem hefur auðveldað okkur svo mjög aðlögun að efnahagsumhverfi sem hættir til að sveiflast meira en góðu hófi gegnir.

Endurheimtum stöðugleikann

Samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja ræðst ekki síst af því hvernig til tekst með að skapa hér stöðugt rekstrarumhverfi og jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Það er fyrirtækjum og heimilum dýrt að takast á við miklar sveiflur í ytra umhverfi þeirra. Hætta er á því að vaxtarsprotar, sem eru til þess fallnir að renna fleiri stöðum undir efnahagsstarfssemina, kafni og tími sem annars væri best nýttur til varanlegrar uppbyggingar fari þess í stað í að slökkva elda. Mjög hröð skuldsetning heimila og fyrirtækja á undanförunum árum, undirstrikar enn frekar mikilvægi þess að treysta stöðugleikann. Þannig skilar t.d. gengislækkun sér umsvifalaust í skuldaaukningu og meiri fjármagnskostnaði þeirra sem skulda í erlendri mynt og innlend lán hækka sjálfkrafa vegna tengingar við verðlagsvísitölu.

Sveiflujöfnun í litlu opnu hagkerfi eins og okkar er snúid viðfangsefni og mikilvægt að fara gætilega með hagstjórnartækin. Best fer á því að mörkuð sé langtímastefna í rekstri ríkisins sem taki mið af langtímamarkmiðum um jafnvægi í hagkerfinu. Í ljósi mikilla erlendra skulda um þessar mundir er þó nauðsynlegt að stilla ríkisfjármálin þannig af, að þau stuðli að umtalsverðum afgangi á viðskiptunum við útlönd til lengri tíma litið.

Í þessu sambandi verður ekki hjá því komist að geta þess hlutverks til sveiflujöfnunar sem Atvinnuleysistryggingasjóður gæti haft, ef rétt yrði á haldið. Skv. gildandi lögum er þessu nefnilega öfugt farið. Svonefndu atvinnutryggingagjaldi, sem eyrnamerkt er sjóðnum, er ætlað að lækka þegar atvinnuleysi er lítið en hækka þegar atvinnuleysi er mikið, sem er til þess fallið að magna upp sveiflur fremur en að draga úr þeim. Við höfum verið þeirrar skoðunar að þessu þurfi að breyta og átti VSÍ t.d. frumkvæði að því í uppsveiflunni árið 1998 að fresta skattalækkun, sem þá stóð til, með það fyrir augum að þeir fjármunir sem þannig söfnuðust nýttust þegar verr áraði. Nú er það hins vegar skilningur ríkisvaldsins að Atvinnuleysistryggingasjóður sé ekki sjálfstæður sjóður heldur skilgreindur innan A-hluta fjárlaga. Hann er því hluti af tekjum og gjöldum ríkisins ár hvert og hefur þannig ekkert sjálfstætt hlutverk til sveiflujöfnunar. Samtök atvinnulífsins hvetja stjórnvöld eindregið til að breyta afstöðu sinni til sjóðsins í þá veru að sveiflujöfnunarhlutverk hans verði skýrt, sjálfstæði hans tryggt og hann þannig fluttur úr A-hluta fjárlaga. Um þetta markmið eru aðilar vinnnumarkaðarins sammála.

Treystum stöðu okkar gagnvart Evrópu

Krafan um stöðugt rekstrarumhverfi á Íslandi helgast ekki síst af því að erlendir keppinautar okkar búa flestir hverjir við slíkt umhverfi og eiga þannig betri möguleika en ella á því að skapa sér betri samkeppnisstöðu. Um síðustu áramót styrktist staða margra þeirra enn frekar þegar sameiginleg mynt flestra ESB-ríkjanna varð að veruleika. Hver svo sem skoðun manna er á því hve skynsamlegt það er fyrir okkur að taka upp evruna, er ljóst að þær þjóðir sem eru þátttakendur í Evrópska myntbandalaginu, búa við umtalsvert hagræði sem fylgir sameiginlegri mynt. Engin teljandi vandkvæði virðast hafa komið upp í tengslum við upptöku evrunnar og útlit er fyrir að löndin þrjú sem standa utan við séu að hugsa sér til hreyfings í þessum efnunum. Það sama gildir um flest þeirra landa sem munu innan tíðar gerast aðilar að ESB. Jafnframt er ekki um það deilt, að því fylgir töluverður kostnaður að vera með sjálfstæðan gjaldmiðil í litlu hagkerfi. Þetta kemur hvað skýrast fram í meiri vaxtakostnaði en ella, sem aftur er til þess fallinn að draga úr fjárfestingu og þar með hagvexti.

Flest bendir til að illmögulegt sé fyrir okkur að taka upp evru nema þá í tengslum við beina aðild að ESB. Um ágæti aðildar eru hins vegar skiptar skoðanir í þjóðfélaginu og þá liggur fyrir, að innan Samtaka atvinnulífsins eru menn ekki á einu máli um kosti þess að ganga til liðs við Evrópusambandið. En hvar svo sem í flokki menn standa í þessum efnum hafa Samtök atvinnulífsins talið brýnt að halda uppi lifandi og uppbyggilegri umræðu um það með hvaða hætti íslenskt atvinnulíf treysti stöðu sína sem best í ljósi þeirra breytinga sem eru að eiga sér stað í Evrópu. Í því skyni höfum við m.a. fengið menn úr ýmsum geirum atvinnulífsins til að ræða þessi mál hér á eftir, auk þess sem Siri Bjerke, forstöðumaður hjá norsku samtökum atvinnulífsins mun kynna okkur viðhorf þeirra samtaka til evrópumála.

En höfum það í huga, að hver svo sem framvinda málsins verður þá liggur fyrir að aðild að Evrópusambandinu og þar með upptaka evrunnar getur ekki orðið að veruleika fyrr en í fyrsta lagi að nokkrum árum liðnum. Og ennfremur, til að geta tekið upp evruna þurfa ríki að uppfylla skilyrði sem m.a. fela í sér almennan stöðugleika í tiltekinn tíma. Við hljótum því að haga málum okkar í ljósi þessara aðstæðna.

Jákvæðar skattabreytingar

Hins vegar getum við þá líka sagt að þessi staða geri enn ríkari kröfur til okkar Íslendinga um að sjá svo til, að samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja líði ekki fyrir það að hér sé lítil og hlutfallslega dýr gjaldmiðill. Ríkisstjórnin steig mikilvægt skref í þessa veru í vetur þegar hún lækkaði tekjuskattshlutfall fyrirtækja úr 30% í 18%. Með þessu skerum við okkur úr í hópi helstu viðskiptalanda okkar, jafnvel þótt þar hafi einnig verið hreyfing í þá átt að lækka þennan skatt. Einungis Írland býður fyrirtækjum í tilteknum greinum lægri tekjuskatt. Þá voru eignarskattar, sem tíðkast varla lengur í viðskiptalöndum okkar, lækkaðir og sú stefna verið mörkuð að halda áfram á þessari braut.

Þegar þessar lagabreytingar náðu fram að ganga var þó ljóst að nokkur atriði þyrfti að skoða nánar. Það á m.a. við um áhrif breytinganna á fyrningarreglur. Hafa stjórnvöld gefið fyrirheit um að niðurstöðu verði náð um þau efni fyrir næstu áramót og að SA fái að koma að því starfi.

Almennt séð hlýtur það síðan að vera nærtækara að ríkisvaldið gangist fyrir almennum aðgerðum af þessu tagi til ívilunar fyrir íslenskt atvinnulíf fremur en að ívilna einstökum fyrirtækjum.

Opinberir aðilar mega ekki leiða launaþróunina

Það er hins vegar að mörgu að hyggja ef okkur á að takast að halda í við þær þjóðir sem við erum að keppa við. Á vinnumarkaði hefur sú varhugaverða þróun átt sér stað, að ólíkt flestum öðrum þjóðum er það hið opinbera sem gengur á undan og hækkar laun verulega umfram það sem gerst hefur á almennum launamarkaði. Eins og meðfylgjandi myndir sýna sker Ísland sig úr í samanburði við helstu viðskiptaþjóðir okkar að þessu leyti.

Það er útilokað að opinberir aðilar geti leitt launaþróun í landinu með þessum hætti um margra ára skeið. Engin leið er að halda því fram, að þessi mikli munur skýrist af erfiðleikum á samanburði eða tímabundnum áhrifum af mismunandi samsetningu

þessara hópa. Hið opinbera, sem byggir á skattlagningu atvinnulífs og almennings, hefur tekið forystu um kostnaðarhækkanir í launum og öðrum starfskjörum, sem atvinnulífið getur ekki fylgt eftir. Slíkt getur ekki endað nema með ósköpum. Mikil hætta er á því að undanlátssemi við launakröfur opinberra starfsmanna verði ávísun á nýja jafnvægisröskun með tilheyrandi verðbólgu sem verði ennþá erfiðara að eiga við en raunin hefur orðið á undanfarin misseri.

Þessi þróun hefur átt sér stað þvert á yfirlýsta stefnu stjórnvalda að það sé á almennum vinnumarkaði sem svigrúm til launakostnaðarhækkana sé ákvarðað. Svo virðist sem stjórnvöld hafi misst tókin á því hvernig laun hafa þróast hjá hinu opinbera og að opinberar stofnanir hafi ekki ráðið við þá valddreifingu sem reynd hefur verið í launamálum hins opinbera á undanförunum árum. Aukið sjálfstæði þeirra og ábyrgð á tilteknum verkefnum innan ákveðins fjárhagsramma virðist ekki veita það aðhald sem einkafyrirtæki búa við, þar sem viðkomandi rekstur stendur og fellur með ákvörðunum þess sem er í forsvari. En e.t.v. búa forsvarsmenn ríkisstofnana einnig við minni sveigjanleika í sínum rekstri en er í einkafyrirtækjum og eiga því erfiðara með að draga úr kostnaðaráhrifum dýrra kjarasamninga.

Miðstýrt taumhald á opinberri launaþróun hefur líka sína ókosti, enda þarf að vera hægt að laða hæft starfsfólk til þeirra verkefna sem ríki og sveitarfélög bera ábyrgð á. Það er því vissulega flókið viðfangsefni að samhæfa betur þróunina á vinnumarkaðinum. Raunhæfasta leiðin hlýtur þó að fela í sér tilfærslu verkefna úr opinberri forsjá með einkavæðingu og útboði á verkefnum. Fyrirtæki sem búa við sömu starfsskilyrði geta þá keppt um starfsfólk og leiðir til aukinnar hagkvæmni.

Meiri kraft í einkavæðingu

Launaþróunin hjá opinberum aðilum er veigamikil skýring á þeirri miklu aukningu í samneyslu sem átt hefur sér stað á síðustu árum. En aukningin í samneyslunni undirstrikar jafnframt hversu hægt hefur miðað í því, að opinberir aðilar dragi úr þátttöku sinni í samkeppnisrekstri. Ennþá er Landssíminn að mestu í eigu ríkisins í fullri samkeppni við einkafyrirtæki sem bjóða upp á sams konar þjónustu; enn er ríkið atkvæðamikili á fjölmiðlamarkaði í samkeppni við einkaðila um sambærilega þjónustu og lítið sem ekkert gengur að einkavæða í rekstri fjármálaþjónustu, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Á fjármálamarkaði eru tveir bankar að meirihluta til í eigu ríkisins og þar að auki er Íbúðalánasjóður í eigu ríkisins, en hann er með um 50% hlutdeild lánamarkaðar til einstaklinga. Ekkert mælir sérstaklega með því að meginstarfsemi slíks sjóðs sé á vegum ríkisins og má fastlega reikna með því að einkaaðilar geti rekið hann með betri og hagkvæmari hætti en nú er gert. Á árunum 1995 til 2001 nær þrefölduðust útistandandi húsbref og húsnæðisbref umfram verðlagshækkanir. Þessa aukningu má rekja til þess að lánareglur hafa verið rýmkaðar og almenningur hefur óspart nýtt sér nýjar lánsheimildir. Sterk rök hníga að því að útlán sjóðsins eigi mikinn þátt í þeirri þenslu sem verið hefur hér á landi undanfarin ár.

Fyrir samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs skiptir höfuðmáli að hér sé bæði hagkvæmt og öflugt fjármálakerfi sem svarar vel breytilegum þörfum framsækins atvinnulífs í mikilli samkeppni á alþjóðlegum markaði. Setja þarf miklu meiri kraft í einkavæðingu á þessu sviði sem öðrum og treysta betur á hugkvæmni og

framtakssemi einkaaðila til að takast á við krefjandi aðstæður í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi.

Gerum samkeppnislögin samkeppnishæf

Í slíku umhverfi er ekkert eðlilegra en að fyrirtæki leitist við að stækka til að njóta stærðarhagkvæmni, en oft vill gleymast að hér landi eru fyrirtæki að keppa við mörgum sinnum stærri og öflugri erlend fyrirtæki í einni eða annarri mynd. Samkeppnisstofnun virðist hafa verið upptekin af því að takmarka þessa viðleitni fremur en að einbeita sér að því að hafa eftirlit með því að markaðsráðandi staða sé ekki misnotuð. Á sumum sviðum ganga íslensk samkeppnislög jafnvel lengra í frelsisskerðingarátt en í öðrum löndum evrópska efnahagssvæðisins. Þessu þarf að breyta og gera samkeppnislögin samkeppnishæf. Mikil umræða hefur verið um fyrirkomulag samkeppniseftirlits í vetur og hafa Samtök atvinnulífsins tekið saman skýrslu um þessi mál sem framkvæmdastjóri samtakanna, Ari Edwald, mun kynna hér á eftir.

Góðir fundarmenn.

Á þessari stundu hillir undir að íslenskur þjóðarbúskapur sé að komast í þokkalegt jafnvægi eftir verulegt umrót á síðustu misserum. Þetta hefur tekist í samstilltu átaki margra aðila sem áhrif geta haft á framvindu efnahagsmála. Nú er hins vegar mest um vert, að okkur takist að viðhalda jafnvæginu í þjóðarbúskapnum, sem er forsenda þess að hér ríki stöðugt rekstrarumhverfi.

Við þurfum að haga ríkisrekstri með langtímamarkmið í huga, sem stuðlar að því að hér eflist sparnaður og að erlendar skuldir minnki. Við þurfum að stöðva vöxt samneyslu og vinna að því að úr henni dragi með því að setja meiri kraft í sölu ríkisfyrirtækja og með því að fela einkaaðilum verkefni sem hafa verið í höndum hins opinbera. Við verðum síðan að varðveita þann sveigjanleika sem er til staðar á íslenskum vinnumarkaði. Og við eigum að afnema höft og álögur á íslensk fyrirtæki sem gera þeim erfitt fyrir að keppa við erlenda keppinauta, sem margir hafa samkeppnisforskot á þau þar sem þeir tilheyra mun stærra myntsvæði en við.

En umfram allt þurfum við Íslendingar kannski á því að halda að skapa hér vettvang fyrir frjóa, uppbyggilega og sanngjarna umræðu um það sem betur má fara í íslensku atvinnulífi, þar sem virðing er borin fyrir ólíkum sjónarmiðum. Þannig er líklegast að okkur takist að skapa hér ánægjulegt og jákvætt samfélag, en slíkt samfélag er best fært um að takast á við kröfur samtímans og stuðla að bættum lífskjörum.